

Sendandi:

Ólafur Þór Gunnarsson, Lyf- og öldrunarlæknir

Þinghólsbraut 32

200 Kópavogi

Þingmál:

352. Frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (réttur til sambúðar á stofnunum)

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að íbúar sem eiga heima á öldrunarstofnunum geti verið áfram samvistum við maka sinn. Markmið frumvarpsins er að gera fólki mögulegt að búa áfram með maka sínum sem hefur af heilsufarsástæðum þurft að flytjast á heimili sem krefjast færni og heilsumats til búsetu. Með samþykkt frumvarpsins yrði ekki lengur þvingað að heilbrigður eða heilbrigðari maki byggja annars staðar en hinn veikari. Frumvarpinu er þannig ætlað að koma í veg fyrir þvinguð sambúðarslit eins og segir í greinargerð.

Nokkur atriði þarf að skoða sérstaklega áður en frumvarpið verður samþykkt. Í 15.gr. laganna (2.málsliður 2.mgr.) er tekið fram að enginn geti búið á hjúkrunar eða dvalarheimili nema að undangengnu færni og heilsumati. Í tillögugreininni þarf því að gera ráð fyrir undanþágu frá þessari reglu.

Einnig væri réttast að í tillögugreininni væri tiltekið með hvaða hætti greiðslur vegna búsetu maka kæmu til, hvort gert væri ráð fyrir leigu, hvort gert væri ráð fyrir búsetu í sama herbergi/íbúð og hvort aðrar reglur um þjónustu og þjónustukaup giltu einnig um makann. (þ.m.t. aðgengi að lækniþjónustu, hjúkrunarþjónustu, sjúkráþjálfun osfrv.)

Í frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir með hvaða hætti brugðist yrði við því að veikari makinn félli frá, en hinn heilbrigðari (sem væntanlega uppfyllir ekki skilyrði fyrir færni og heilsumati) byggji enn á heimilinu. Ördugt kynni þá að reynast fyrir eftirlifandi maka að takast á við breyttar aðstæður, verandi heilbrigður á hjúkrunarheimili en ekki lengur með ástvinu sínum. Hjúkrunarheimili eru í dag rekin á daggjöldum, og slík gjöld kæmu væntanlega ekki með heilbrigðum einstaklingi, og afar fáir eldri einstaklingar eru svo vel settir að geta greitt þau sjálfir, auk þess sem hámarkskostnaðarþátttakan rúmlega 384 þúsund á mánuði nær engan veginn að mæta þeirri fjárþörf sem heimilið hefur fyrir rýmið en daggjöld flestra stofnana eru yfir 20.000 kr. Sennilega væri þá heppilegast að skilgreina eftirlifandi maka í hvíldarinnlögn, en þær geta í dag lengst orðið 8 vikur. Þann tíma væri þá hægt að nýta til að skoða hvort forsendur fyrir færni og heilsumati fyrir eftirlifandi maka væru fyrir hendi, eða til að gefa makanum umþóttunartíma til að finna nýja búsetu.

Einnig þarf með einhverju móti, hvort sem er í reglugerð eða í frumvarpinu sjálfu að skilgreina með hvaða hætti framkvæmdin verður, eftir tegundum heimila, og aðstæðum. Þannig getur þessi framkvæmd orðið afar erfið þar sem þannig hagar til að íbúar búi í herbergi með öðrum óskyldum eða ótengdum, og einnig getur framkvæmdin verið flóknari þegar um langtímadvöl á sjúkrahúsi er að ræða eins og víða tíðkast utan höfuðborgarsvæðisins (þ.e. þegar búseta er á sjúkrahúsi í skilgreindu

langdvalarrými) Þá getur verið erfitt að koma þessu við á lokuðum deildum, a.m.k. að því leiti að væntanlega yrði erfitt að leggja þá kvöð á makann að sæta lokun eða bera með einhverjum hætti ábyrgð á öryggi annarra íbúa en maka síns.

Rétt væri að í frumvarpinu væri með einhverjum hætti tekið á því hvort makinn ætti lögheimili á stofnuninni eða ætti slíkt lögfesti annars staðar. Þá þyrfti að meta (t.d. m.t.t. reglugerðar) hvort gera ætti kröfu um annað heimili makans eða annað afdrep einkum í þeim tilfellum að heimilismaðurinn dveldi á sjúkrahúsi um tíma eða heilsa hans eða aðstæður breyttist með þeim hætti að makinn gæti ekki lengur unað við búsetuna.

Í frumvarpinu væri einnig skynsamlegt að væri gert ráð fyrir reglugerðarsetningu um „makadvöl“ á stofnunum, þ.s. mörg tæknileg atriði þarf að leysa áður en til framkvæmdar kemur. Sá tímarammi sem gefinn er í frumvarpinu áður en lagagreinin tekur gildi ætti að duga til þess.

Verði frumvarpið að lögum leggur undirritaður til að tillögugreinarnar hljóði þannig :

1. grein

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilismaður sem dvelur til langframa á stofnun fyrir aldraða skal eiga kost á að vera samvistum við maka eða sambúðarmaka sinn þar þegar aðstæður leyfa. Maki skal greiða sanngjarna leigu vegna veru sinnar og greiða þann kostnað sem af dvöl hans hlýst. Maki skal eftir atvikum hafa aðgang að annarri þjónustu heimilisins gegn gjaldi. Maki skv. þessari málsgrein skal undanþeginn færni og heilsumati vegna samvista við heimilismann. Maki skv. þessari málsgrein skal eiga lögheimili utan stofnunarinnar. Komi til gerðar færni og heilsumats maka, vegna breyttra aðstæðna, fer um það sbr. 15. gr. Við fráfall heimilsmanns fellur réttur maka til áframhaldandi dvalar niður eftir 8 vikur nema til komi samþykkt færni og heilsumats sbr.15.gr. Ráðherra setur reglugerð vegna dvalar maka þ.s. m.a. skal tilgreina greiðslufyrirkomulag, réttindi, tryggingar, kostnaðarþátttöku ríkisins og fleira.

2. Grein

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2018.

Undirritaður er reiðubúinn að koma fyrir velferðarnefnd og skýra frekar umsögnina.

Ólafur Þór Gunnarsson ([olithor@landspitali.is](mailto:olithor@landspitali.is); [fuglarnir@simnet.is](mailto:fuglarnir@simnet.is) )